



## Fundur háskólaráðs 21. ágúst 2003

### Fundargerð

Málsnúmer: HI03010012

Málalyklar: 011 Háskólaráðsfundur, fundargerðir, dagskrár og framlögð gögn

Eigandi skjals: Jórunn Valdimarsdóttir

Staða: Fært í skjalasafn

### Dagsetningar:

Búið til: 18.08.2003

Dags: 21.08.2003

### Upplýsingar um viðskiptavin:

Háskóli Íslands, Háskólaráð (600169-2039)

101 REYKJAVÍK

Sími: 525 4000; 525 4300

Fax: 552 1331

12/2003

## HÁSKÓLARÁÐSFUNDUR

Ár 2003, fimmtudaginn 21. ágúst var haldinn fundur í háskólaráði sem hófst kl. 13.00.

Mættir voru: Páll Skúlason, Þórður Harðarson, Hjalti Hugason, Anna Soffía Hauksdóttir, Inga Jóna Þórðardóttir, María Guðmundsdóttir, Davíð Gunnarsson, Þorsteinn Loftsson, Ármann Höskuldsson og Stefán Svavarsson.

### 1. Mál til fróðleiks

- 1.1 Lagt fram minnisblað rektors um ný stefnumál, helstu framkvæmdir og verkefni, dags. 21. ágúst 2003.
- 1.2 Lögð fram umsögn Háskóla Íslands um frumvarp til laga um uppfinningar starfsmanna.
- 1.3 Lögð fram áætlun um fundi og viðburði á haustmisseri 2003, dags. 21. ágúst 2003.

### 2. Erindi til háskólaráðs

- 2.1 Lagt fram minnisblað akademískrar stjórnarsýslu um sameiginlegar prófgráður, hvaða breytinga er þörf.  
- Málinu vísað til deildarforseta til umsagnar.
- 2.2 Lögð fram niðurstaða nefndar um framtíð endurmenntunar á vegum Háskóla Íslands, dags. 3. júlí 2003, ásamt drögum að verklagsreglum um samstarf milli Endurmenntunarstofnunar og deilda Háskóla Íslands.  
- Málinu vísað til deildarforseta til umsagnar.
- 2.3 Lögð fram kæra vegna afgreiðslu á umsókn um að hefja nám í félagsvísinda-deild Háskólans.  
- Ákveðið að óska eftir umsögn félagsvísindadeildar um málið og akademísk stjórnarsýsla undirbýr síðan úrskurð háskólaráðs.
- 2.4 Erindi frá akademískri stjórnarsýslu. Greiðslur úr vinnumatssjóði vegna stjórnunar.  
Lögð fram drög að verklagsreglum.  
- Háskólaráð samþykkir að við greiðslu úr vinnumatssjóði vegna stjórnunar (fyrir tímabilið 1. júní 2002 - 31. maí 2003), sbr. gr. 5.4 í stofnanasamningi, verði að þessu sinni stuðst við drög að verklagi um frammistöðumat sem fyrir liggja frá samráðsnefnd um kjaramál (dags. 3. júní 2003). Stefnt er að því að greiða stjórnunaraukann út 1. september nk.

### 3. Mál á auglýstri dagskrá

- 3.1. Framtíð íslenska háskólakerfisins, endurskoðun á lagaramma háskólanna.  
Rektor skýrði framlagt minnisblað sitt um framtíð íslenska háskólakerfisins, dags. 21. ágúst 2003. Einnig gerði Tryggvi Þórhallsson, lögfræðingur Háskólans, grein

fyrir framlögðum minnispunktum varðandi mismunandi lagaramma um starfsemi háskóla, sem eru til frekari skýringar á minnisblaði rektors. Málið var rætt ítarlega og verður það áfram á dagskrá háskólaráðs.

3.2. Staðan í samningum við ráðuneyti.

Inn á fundinn kom Ingjaldur Hannibalsson, formaður fjármálanefndar háskólaráðs, og gerði grein fyrir framlögðu minnisblaði, dags. 18. ágúst 2003, um atriði til athugunar í viðræðum Háskóla Íslands við menntamálaráðuneyti vegna endurskoðunar á samningi um fjármögnun kennslu. Minnisblaðið er í sjö töluliðum:

1. Nauðsyn hækkunar launastiku samkvæmt kennslusamningi.
2. Breyting á fjölda virkra nemenda í viðmiðunarhópi úr 30 í 20.
3. Hækkun heildarhámarks virkra nemenda úr 4300 í 6500 á gildistíma samningsins, auk hækkunar hámarka í reikniflokkum 4, 5 og 6.
4. og 5. Niðurfelling einstakra reikniflokka og tilfærsla einstakra greina milli reikniflokka.
6. Nauðsyn fjárveitingar vegna framkvæmda.
7. Nauðsyn fjárveitingar vegna starfsþjálfunar nemenda.

Málið var rætt rækilega og svaraði Ingjaldur framkomnum spurningum og athugasemdum. Einnig gerði Ingjaldur grein fyrir bráðabirgða yfirliti um fjárhag deilda Háskólans.

3.3. Stofnun einkahlutafélags um þekkingarþorp við Háskóla Íslands, sbr. bréf fjármálaráðuneytisins dags. 14. júlí 2003.

Rektor gerði grein fyrir málinu og var honum falið að undirbúa stofnun einkahlutafélagsins fyrir næsta fund háskólaráðs.

3.4. Erindi sjúkrahjálfunarskorar læknadeildar vegna niðurstöðu inntökuprófa í júní sl.

Þórður Kristinsson, framkvæmdastjóri akademískrar stjórnarsýslu gerði grein fyrir málinu og voru mögulegir kostir ræddir ítarlega.

- Frestað til næsta fundar.

3.5. Úrskurður áfrýjunarnefndar í kærumálum háskólanema í máli nr. 1/2003, 29. júlí 2003.

Rektor skýrði frá úrskurðinum og afleiðingum hans.

- Samþykkt einróma að heimila málsaðilum að hefja nám á 1. námsári í læknisfræði haustið 2003. Jafnframt var samþykkt ráðið að gildandi fjöldatakmörkun í læknisfræði háskólaárið 2003 – 2004 verði breytt úr 48 í 50.

3.6. Erindi frá stúdentaráði vegna mats á prófi í eignarétti, sbr. síðasta fund.

Málið var rætt.

- Akademískri stjórnarsýslu falið að undirbúa úrskurð háskólaráðs í málinu.

3.7. Greinargerð Lögmannna Mörkinni um framgangsreglur læknadeildar, sbr. erindi frá Félagi háskólakennara sem lagt var fram í háskólaráði 30. janúar sl.

Halldór Jónsson gerði grein fyrir málinu.

- Frestað til næsta fundar. Málið verður kynnt félagi háskólakennara.

3.8. Málefni Upplýsingaþjónustu, sbr. síðasta fund.

- Frestað.

Fleira var ekki gert  
Fundi slitið kl. 15.30